



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 20/2022

Viðskiptahættir CBD ehf.

I.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi Neytendastofu til CBD ehf., rekstraraðila vefsíðunnar atomos.is, dags. 25. júní 2021, var greint frá því að stofnuninni hafi borist ábending frá Umhverfisstofnun vegna fullyrðinga á vefsíðunni. Laut ábendingin að fullyrðingum um virkni og notkunarmöguleika snyrtivara sem auglýstar séu til sölu á vefsíðu félagsins ásamt framsetningu auglýsinga og kynninga á vefsíðunni.

Í bréfinu var tekið fram að samkvæmt upplýsingum á vefsíðunni atomos.is væri Atomos vörumerki í eigu CBD ehf. sem sérhæfi sig í snyrtivörum sem innihaldi CBD. Þrátt fyrir að vörur félagsins væru tilgreindar sem snyrtivörur væri að finna fjölmargar tilvísanir og upplýsingar um aðra notkunarmöguleika CBD vara á vefsíðu félagsins. Á vefsíðunni væri t.a.m. gefið til kynna að hægt væri að nota vörur félagsins sem fæðubótarefni, rafrettuvökva og til reykinga ásamt því að gefið væri til kynna að vörurnar hafi ákveðna lyfjavirkni. Þá sé á vefsíðunni að finna fjölmargar umsagnir um einstakar vörur þar sem vörur félagsins væru notaðar til inntöku og þá sem lyf eða fæðubótarefni.

Í bréfinu var vakin athygli á ákvæðum 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., b. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, ásamt 2. og 4. mgr. 33. gr. efnalaga nr. 61/2003 og tekið fram að Neytendastofa teldi að framangreind ákvæði kæmu til skoðunar í málinu.

2.

Svar barst Neytendastofu með bréfi, dags. 9. júlí 2021. Í svarinu kom fram að á vefsíðunni atomos.is sé að finna almennan fróðleik og upplýsingar um efnið CBD og þar líkt og á undirsíðum sé tekið skýrt fram, þegar við eigi, að tiltekin notkun sé ekki leyfileg hér á landi lögum samkvæmt eða að tiltekin notkun eigi ekki við um snyrtivörur sem seldar séu á vefsíðunni. Á hverri upplýsingasíðu um snyrtivöru í vefverslun atomos.is sé viðskiptavinum gefinn kostur á að skrifa umsagnir um vörur sem þeir hafi keypt og ekki sé um almennar



staðreyndir settar fram af fyrirsvarsmönnum CBD ehf. Það hljóti að teljast almennt viðurkennt að bjóða upp á slíkan umsagnarhluta enda þekkest þetta fyrirkomulag í flest öllum vefverslunum og viðskiptavinum hljóti að vera frjálst að tjá sig um þær vörur sem þeir kaupir. Auk þess sé í hverri innihaldslýsingu við snyrtivörur á upplýsingasíðum tekið skýrlega fram að varan sé ætluð til notkunar á húð og skýrt tekið fram að hún sé ekki ætluð til að meðhöndla, lækna eða koma í veg fyrir sjúkdóma. Einnig megi benda á að í kjölfar athugasemda í eftirlitsskýrslu frá Umhverfisstofnun í mars 2020 hafi umbúðum snyrtivaranna verið breytt á þann veg að nú komi skýrlega fram á þeim að varan sé ekki ætluð til inntöku.

Að þessu sögðu sé því mótmælt að CBD ehf. hafi gerst brotlegt við ákvæði laga nr. 57/2005. Því sé einnig mótmælt að CBD hafi gerst brotlegt við ákvæði efnalaga þar sem því sé hvergi haldið fram á atomos.is að snyrtivörur seldar þar hafi tiltekna eiginleika eða virkni sem þær hafi ekki. Telji Neytendastofa þörf á frekari útskýringum muni CBD ehf. bregðast við því en óski þó eftir nánari tilgreiningu á þeim tilvísningum og upplýsingum sem Neytendastofa vísir til í bréfi sínu sem stofnunin telji að brjóti í bága við umrædd ákvæði laga nr. 57/2005 og laga nr. 61/2013.

3.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 9. september 2021, var áréttað að stofnunin hefði á því stigi málsins ekki tekið ákvörðun eða myndað sér afstöðu til þess hvort um brot gegn ákvæðum laga nr. 57/2005 væri að ræða. Líkt og fram komi í fyrra bréfi stofnunarinnar hafi ábending sú er send var Neytendastofu lotið að fullyrðingum um virkni og notkunarmöguleika snyrtivara sem auglýstar séu á vefsíðu félagsins ásamt framsetningu auglýsinga og kynninga á vefsíðunni. Neytendastofa telji að virða beri allt kynningar- og auglýsingarefni sem fram komi á vefsíðum söluaðila, sama hvaða nafni því efni sé gefið, heildstætt í tengslum við þær vörur sem boðnar séu til sölu á viðkomandi vefsíðum. Í máli því er hér liggi fyrir sé ljóst að félagið auglýsi og selji snyrtivörur sem innihaldi CBD en kjósi eftir sem áður að birta auglýsinga- og kynningarefni á vefsíðu sinni með umfjöllun um aðra notkunarmöguleika CBD og þá aðallega um olíur sem innihaldi CBD, sbr. skjáskot sem fylgdu bréfinu. Á framangreindum skjáskotum sé m.a. gefið í skyn að CBD hafi ákveðna lyfjavirkni og geti m.a. verið gagnlegt við meðhöndlun sársauka, flogaveiki, MS, Parkinson o.fl.

Líkt og fram komi í bréfi Neytendastofu frá 25. júní 2021 sé það álit Neytendastofu að ákvæði 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., b. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, ásamt ákvæðum 2. og 4. mgr. 33. gr. efnalaga komi til skoðunar í málinu. Með hliðsjón af framangreindu og á grundvelli 4. mgr. 6. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 57/2005 óski Neytendastofa eftir upplýsingum og/eða gögnum sem sýni fram á að um raunverulegar umsagnir viðskiptavina sé að ræða og að félagið færi sönnur á þær fullyrðingar sem fram komi á vefsíðu félagsins og hvernig félagið telji þær fullyrðingar sem þar komi fram samrýmist ákvæðum 2. og 4. mgr. 33. gr. efnalaga. Þá óski stofnunin jafnframt eftir skýringum og/eða athugasemdum CBD ehf. vegna ofangreinds.



4.

Svar barst Neytendastofu með bréfi, dags. 4. október 2021. Í bréfinu kemur fram að félagið telji einfaldast að taka upp þau ummæli sem um ræði og Neytendastofa óski eftir að færðar verði sönnur á og tilgreina heimildir í neðanmálgreinum. Heimildirnar séu að mestu fengnar af heimasíðu rannsóknarstofnunarinnar National Institutes of Health (NIH) sem sé hluti af bandaríska heilbrigðisráðuneytinu. Í bréfinu voru teknar upp fullyrðingar sem fram komu á vefsíðu félagsins ásamt tilvitnunum í greinar og umfjallanir af heimasíðu NIH. Þá fylgdu með bæði vísanir í greinar í fótnótum og grein um áhrif og virkni CBD.

Félagið telji sig hafa fært sönnur á fullyrðingar félagsins, sbr. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005. Það hafi ekki villt um fyrir neytendum með auglýsingum, öðrum svipuðum viðskiptaaðferðum eða framsetningu efna og efnablanda né fullyrt að snyrtivara hafi tiltekna eiginleika eða virkni sem hún hafi ekki, sbr. 2. og 4. mgr. 33. gr. efnalaga. Viðskiptahættirnir brjóti ekki í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum né raski verulega eða séu líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 57/2005, enda hafi staðhæfingarnar verið sannaðar. Viðskiptahættirnir séu ekki líklegir til að blekkja neytendur eða séu með þeim hætti að neytendum séu veittar rangar upplýsingar um helstu einkenni vöru, t.d. notkun, samsetningu eða árangur sem vænta megi af notkun þeirra, í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um viðskipti, sbr. b-lið 1. mgr. 9. gr. laganna, enda hafi staðhæfingarnar verið sannaðar en auk þess selji félagið ekki þær vörur er fullyrðingarnar varða.

Í erindi Neytendastofu hafi einnig verið farið fram á að félagið sýni fram á að umsagnir viðskiptavina á heimasíðu félagsins séu raunverulegar umsagnir viðskiptavina. Félagið gefi viðskiptavinum sínum kost á að skilja eftir umsagnir um vörur félagsins og sé slíkt fyrirkomulag alþekkt á heimsvísu. Umsagnirnar geti verið bæði neikvæðar og jákvæðar. Til þess að geta skilið eftir umsögn þurfi viðskiptavinir að skrá netfang sitt og hafi félagið því lista yfir netföng viðskiptavina sinna, sbr. meðfylgjandi lista. Félagið árétti að gildishlaðið mat viðskiptavina í umsagnakerfi feli ekki í sér fullyrðingar um vörur af hálfu félagsins. Beiðni stofnunarinnar virðist enn fremur gefa til kynna að félagið hafi skáldað þær umsagnir sem finna megi á heimasíðu félagsins og óskist upplýst á hvaða grundvelli félaginu beri að sanna að umsagnir viðskiptavina séu raunverulegar umsagnir, hvaða lagaákvæði séu til skoðunar í því samhengi og hvernig álitaefnið sé heimfært undir viðeigandi lagaákvæði en 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005 taki til fullyrðinga fyrirtækja ekki gildismats viðskiptavina þeirra.

5.

Með bréfi Neytendastofu til CBD ehf., dags. 1. febrúar 2022, kom fram að stofnunin teldi að virða beri allt kynningar- og auglýsingarefni sem fram komi á vefsíðum söluaðila, sama hvaða nafni því efni sé gefið, heildstætt og í tengslum við þær vörur sem boðnar séu til sölu á viðkomandi vefsíðum. Þær upplýsingar sem fram komi á vefsíðu félagsins lúti að eiginleika vöru og þeim árangri sem vænta megi af notkun hennar en m.a. sé um að ræða notkunarleiðbeiningar, staðhæfingar og fullyrðingar sem eigi ekki við um snyrtivörur þrátt



fyrir að félagið selji nær einvörðungu snyrtivörur. Á vefsíðu félagsins komi eftirfarandi texti fram: „*Samkvæmt National Institute of Health, gæti meðferð á endókannabínóíðkerfinu með utanaðkomandi kannabisefnum eins og CBD verið gagnleg við meðhöndlun á ýmsum læknisfræðilegum kvillum, þ.m.t.*“ Á eftir textanum séu taldir upp þeir sjúkdómar og kvillar sem vísað sé til en samkvæmt vefsíðu félagsins gæti CBD verið gagnleg meðhöndlun við: Sársauka, flogaveiki, MS, Amyotrophic Lateral Sclerosis (ALS), Parkinson, bólgu, unglingsbólur, Dyskinesia, Psoriasis, brotin bein, Mad Cow Disease, þunglyndi, bakteríusýkingu, sykursýki, liðagigt, ógleði, kvíða, ADHD, geðklofa, misnotkun/afturköllun efna, hjartasjúkdómum, Irritable Bowel Syndrome (IBS).

Með hliðsjón af ofangreindu vilji Neytendastofa vekja athygli á 17. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009, um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir, en þar sé kveðið á um að það séu villandi viðskiptahættir að halda því ranglega fram að vara geti læknað sjúkleika, röskun á líffærastarfsemi eða vansköpun. Líkt og að ofan greini komi fram á vefsíðu félagsins að CBD geti haft lækandi mátt. Með slíkum fullyrðingum og kynningu, sem að mati Neytendastofu verði að telja að sé í beinum tengslum við sölu og auglýsinga á vörum félagsins, sé verið að fullyrða um aðra eiginleika og hlutverk en eigi við um snyrtivörur skv. skilgreiningu a. liðar 1. tölul. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009, um snyrtivörur. Í 1. tölul. 20. gr. reglugerðarinnar segi jafnframt: „*Þegar snyrtivörur eru merktar, boðnar fram á markaði og auglýstar skal ekki nota texta, heiti, vörumerki, myndir eða myndræn tákni eða annars konar tákni til að gefa í skyn að þessar vörur hafi eiginleika eða hlutverk sem þær hafa ekki:*“ Að sama skapi sé óheimilt að auglýsa lyf sem ekki hafi hlotið markaðsleyfi eða leyfi til samhliða innflutnings hér á landi, sbr. a. lið 1. mgr. 56. gr. lyfjalaga nr. 100/2020 en ákvæðinu sé ætlað að áréttta þá ábyrgð sem auglýsendur beri gagnvart neytendum og komi í veg fyrir að almenningur fái rangar og villandi upplýsingar um lyfjavirkni í vörum sem ekki séu lyf. Þá sé það álit Lyfjastofnunar að vörur sem innihaldi CBD og ætlaðar eru til inntöku falli undir skilgreiningu á lyfi skv. 8. tölul. 1. mgr. 3. gr. lyfjalaga m.t.t. innihaldsefna og virkni þeirra. Ef félagið hyggist auglýsa og markaðssetja vörur sínar til inntöku þyrfti félagið því að sækja um skráningu varanna hjá Lyfjastofnun.

6.

Með bréfi, dags. 11. febrúar 2022, tilkynnti félagið að það hefði fjarlægt þær fullyrðingar sem fram hafi komið á vefsíðu félagsins. Félagið hafi verið í góðri trú þegar það birti umræddar fullyrðingar og treysti þeim upplýsingum sem það hafi lagt fram með bréfi, dags. 4. október 2021. Fyrirsvarsmenn félagsins séu ekki lögfróðir og hafi vilji þeirra ekki staðið til að viðhafa óréttmæta eða villandi viðskiptahætti. Félagið sé því tilbúið að verða við athugasemdum Neytendastofu og óski eftir að gerð verði sátt í málinu.

7.

Með bréfi, dags. 4. mars 2022, tilkynnti Neytendastofa CBD ehf. að vegna eðli málsins og þeirra brota á ákvæðum laga nr. 57/2005 og brota á ákvæðum reglugerðar nr. 160/2009, sem kunni að eiga við um málið, sé málið þannig vaxið að ekki sé efni til sáttumleitana í málinu.



Telji stofnunin því að gagnaöflun málsins sé lokið og málið verði tekið til ákvörðunar stofnunarinnar.

Með bréfi, dags. 23. maí 2022, tilkynnti Neytendastofa CBD ehf. að vegna fjölda fyrirbyggjandi mála væru fyrirsjáanlegar tafir á afgreiðslu málsins en vonast sé til að málið verði afgreitt innan tveggja mánaða.

II.

Niðurstaða

1.

Mál þetta lýtur að fullyrðingum um virkni og notkunarmöguleika snyrtivara sem auglýstar eru á vefsíðu CBD ehf., atomos.is, ásamt framsetningu auglýsinga og kynninga á vefsíðunni. Þá gerði Neytendastofa þá kröfu að félagið færði sönnur fyrir að umsagnir viðskiptavina, sem birtar eru á vefsíðu félagsins, stafi frá raunverulegum viðskiptavinum þess.

Vísaði Neytendastofa til ákvæða 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., b. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, ákvæða 2. og 4. mgr. 33. gr. efnalaga nr. 61/2003, ásamt ákvæðis 17. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009, um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir.

Í svörum CBD ehf. kom í fyrstu fram að á vefsíðu félagsins væri að finna almennan fróðleik og upplýsingar um efnið CBD og þar líkt og á undirsíðum sé tekið skýrt fram, þegar við eigi, að tiltekin notkun sé ekki leyfileg hér á landi lögum samkvæmt eða að tiltekin notkun eigi ekki við um snyrtivörur sem seldar séu á vefsíðunni. Þá lagði félagið fram útdrátt úr greinum o.fl. er lutu að virkni CBD og taldi sig því hafa fært sönnur á umræddar fullyrðingar ásamt því að senda Neytendastofu lista yfir skráð netföng þeirra aðila sem skrifað höfðu umsagnir um vörur félagsins. Félagið hafnaði sömuleiðis því að hafa gerst brotlegt við ákvæði laga nr. 57/2005 og ákvæða laga nr. 61/2003.

Í síðari svörum félagsins kom hins vegar fram að félagið hefði fjarlægt þær fullyrðingar sem fram hafi komið á vefsíðu félagsins. Félagið hafi verið í góðri trú þegar það birti umræddar fullyrðingar og treysti þeim upplýsingum sem það hafi áður lagt fram. Fyrirsvarsmenn félagsins séu ekki lögfróðir og hafi vilji þeirra ekki staðið til að viðhafa óréttmæta eða villandi viðskiptahætti. Félagið sé því tilbúið að verða við athugasemdum Neytendastofu og óski eftir að gerð verði sátt í málinu.

Sökum eðli málsins og þeirra brota sem um ræði taldi Neytendastofa ekki tilefni til sáttumleitana í málinu.



2.

Í lögum nr. 57/2005 er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Í 5. gr. er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í 4. mgr. 6. gr. laganna er kveðið á um það að fyrirtæki skuli geta fært sönnur á fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum þeirra. Geti fyrirtæki ekki sannað fullyrðingar sínar geta þær verið til þess fallnar að vera villandi gagnvart neytendum og ósanngjarnar gagnvart keppinautum.

Ákvæði 1. mgr. 8. gr., sem er í III. kafla, er svohljóðandi:

„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“

Ákvæðinu er ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða samkvæmt ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Í 9. gr. laganna er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í erindi Neytendastofu var vísað til b. liðar 1. mgr. 9. gr. laganna, þar sem segir að átt sé við rangar upplýsingar um:

„b. helstu einkenni vöru eða þjónustu, t.d. notkun, samsetningu eða árangur sem vænta má af notkun hennar,“

Í 2. og 4. mgr. 33. gr. efnalaga er kveðið á um að óheimilt sé að villa um fyrir neytendum með auglýsingu, öðrum svipuðum viðskiptaaðferðum eða framsetningu efna og efnablandna ásamt því að óheimilt sé að fullyrða í auglýsingum og öðrum svipuðum viðskiptaaðferðum að snyrtivara hafi tiltekna eiginleika eða virkni sem hún hefur ekki.

Þá er í 17. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009, um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir, kveðið á um að það séu villandi viðskiptahættir að halda því ranglega fram að vara geti læknað sjúkleika, röskun á líffærastarfsemi eða vansköpun.



3.

Fyrir liggur að CBD ehf. hefur í markaðssetningu notað fullyrðingar um lyfjavirkni ákveðins efnis, CBD, sem fyrirfinnst í snyrtivörum félagsins, en líkt og fram kom undir rekstri málsins telur Neytendastofa að virða beri allt kynningar- og auglýsingarefni sem fram kom á vefsíðu félagsins, sama hvaða nafni efninu var gefið, heildstætt og í tengslum við þær vörur sem boðnar voru til sölu á vefsíðu félagsins. CBD ehf. auglýsir og selur nær einvörðungu snyrtivörur sem innihalda CBD en kýs eftir sem áður að birta auglýsingar- og kynningarefni með umfjöllun um aðra notkunarmöguleika CBD og þá aðallega um olíur sem innihalda CBD. Þær upplýsingar sem fram komu á vefsíðu félagsins lutu þar að auki að eiginleikum og þeim árangri sem vænta mætti af notkun hennar en m.a. sé um að ræða notkunarleiðbeiningar, staðhæfingar og fullyrðingar sem eiga ekki við um snyrtivörur þrátt fyrir að félagið selji nær einvörðungu snyrtivörur. Í fullyrðingunum kom einnig fram að efnið CBD geti verið gagnlegt við tilgreindum sjúkdómum og kvillum en fyrir liggur að vörur félagsins, sem boðnar eru til sölu á vefsíðunni atomos.is eru ekki skráð sem lyf, sbr. 8. tölul. 1. mgr. 3. gr. lyfjalaga, en líkt og fram kom undir rekstri málsins er óheimilt að auglýsa lyf sem ekki hefur hlotið markaðsleyfi eða leyfi til samhliða innflutnings hér á landi, sbr. a. lið 1. mgr. 56. gr. lyfjalaga nr. 100/2020. Með slíkum fullyrðingum og kynningarefni, sem að mati Neytendastofu verður að telja að sé í beinum tengslum við sölu og auglýsinga á vörum félagsins, er verið að fullyrða um eiginleika og hlutverk sem eiga almennt ekki við um snyrtivörur.

Með hliðsjón af framangreindu telur Neytendastofa jafnframt að þær fullyrðingar sem um ræðir veiti rangar upplýsingar um helstu einkenni þeirra vara sem CBD ehf. selur. Þá telur Neytendastofa að fullyrðingarnar séu til þess fallnar að valda því að hinn almenni neytandi sem fullyrðingarnar beinast að, taki viðskiptaákvörðun sem hann myndi ekki annars hafa tekið. Þá eru fullyrðingarnar líklegar til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda.

CBD ehf. hefur því brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr., b. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, ákvæðum 2. og 4. mgr. 33. gr. efnalaga nr. 61/2003, auk ákvæðis 17. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009, um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir, með birtingu framangreindra fullyrðinga.

Neytendastofa telur aftur á móti að CBD ehf. hafi lagt fram fullnægjandi sönnun fyrir því að þær umsagnir sem birtar eru á vefsíðu félagsins stafi frá raunverulegum viðskiptavinum þess og telur því ekki þörf á frekari aðgerðum vegna þess.

Samkvæmt a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 getur Neytendastofa lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvæðum laganna, og reglum settum samkvæmt þeim um bann við óréttmætum viðskiptaháttum, sbr. II.-VIII. kafla laganna. Með vísan til alls þess sem fram hefur komið, eðli þeirra fullyrðinga sem um ræðir og þess að brotið er gegn viðskiptaháttum sem í öllum tilvikum teljast óréttmætir telur Neytendastofa rétt að leggja á sekt í samræmi við heimildir laganna.



Með vísan til framangreindra sjónarmiða telur Neytendastofa brot CBD ehf. alvarlegt auk þess að stríða gegn góðum viðskiptaháttum. Að teknu tilliti til þessa, umfangs brotsins, jafnræðis- og meðalhófsreglu stjórnslulaga og að því virtu að félagið fjarlægði hinar umdeildu fullyrðingar undir rekstri málsins telur Neytendastofa hæfilegt að leggja á CBD ehf. stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 100.000,- (eitt hundrað þúsund krónur).

III.

Ákvörðunarorð:

„CBD ehf., Lofnabrunni 14, 113 Reykjavík, hefur brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr. og b. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, ákvæðum 2. og 4. mgr. 33. gr. efnalaga nr. 61/2003 og 17. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009, um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir, með fullyrðingum um lyfjavirkni snyrtivara á vefsíðu félagsins.

Með heimild í a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er CBD ehf. gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 100.000 kr. (eitt hundrað þúsund krónur) vegna brotsins. Sektina skal greiða í ríkissjóð innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunarinnar.“

Neytendastofa, 8. september 2022

Pórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir